

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna,  
sem ætla má að hafi farist af slysum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

## 2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minnsta kosti einn mánuður.

## 3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í 3. gr. laganna komi: einn mánuð.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum 6. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Friðjón Þórðarson.*